

Jafnréttisstefna



Leikskólinn Andabær

Arnarflöt 2
311 Borgarnes
Sími: 4337170

Netfang:
andabaer@borgarbyggd.is

Heimasíða:
<https://borgarbyggd.is/stofnun/andabaer>

Jafnréttisstefna Andabæjar 2024-2027

Markmið: Að stuðla að jafnrétti á sem viðtækustum grunni í Andabæ.

Jafnréttisstefnan nær til námskrár leikskólans, starfsmannastefnu og samvinnu við foreldra/forráðamenn.

Gengið er út frá eftirfarandi grundvallaratriðum:

1. Samstaða og jákvæð samskipti/samvinna kynja er leið til jafnréttis.
2. Öll kyn eiga sama rétt og hafa sömu skyldur.
3. Öll kyn t.d. karlar og konur eiga sama rétt og hafa sömu skyldur.

Jafnréttisstefnan á við um börn, foreldra/forráðamenn og starfsfólk

Börn og nám þeirra í Andabæ skal

- mæta þörfum sérhvers barns óháð kyni. Tryggja ber að öll kyn hafi sama rétt, fái sama viðmót og njóti sömu hvatningar og örvunar til að taka þátt í öllum þeim viðfangsefnum sem leikskólinn býður upp á,
- stuðla að vináttu, samleik og jákvæðum samskiptum kynja,
- stuðlað að því viðhorfi að eðlilegt sé að öll kyn leiki sér með allt leikefni og taki þátt í öllum leikjum,
- unnið gegn þeirri tilhneigingu að skipta veröldinni upp í drengi/karla og stúlkur/konur,
- leitast við að tryggja að börnin upplifi að starfsfólk gangi í öll störf óháð kyni
- leitast við að tala ókynbundið til barnanna, nota heldur orðið börn eða krakkar en stúlkur og drengir. Varast ber að nota hugtök sem upphefja eða niðurlægja kyn þeirra,
- stuðlað að því að börn upplifi það eðlilegt að öll kyn vinni hin ýmsu störf í samfélaginu og innan heimilanna,
- þess gætt að ýta ekki undir staðalímyndir og að jafnvægi sé á milli þeirra kynjafyrirmynda og hugmynda sem birtast í textum og bókum.

Foreldrar í Andabæ skulu

- gæta þess að beina samskiptum að og orðum til bæði fedra og mæðra eða forráðamanna, hvort sem þau eru í sambúð eða ekki,
- hvött til að taka þátt í foreldrasamstarfi bæði fedur og mæður.

Starfsmenn í Andabæ skulu:

- Hringja jafnt í móður sem föður (þá forráðamenn sem sinna barninu) ef eitthvað er að,
- beina upplýsingum til beggja foreldra/forráðamanna,
- stuðlað að því að þar starfi starfsfólk af ólíku kyni og að verkaskipting sé ekki kynbundin,
- gera auglýsingar eftir starfsfólki ókynbundnar,
- fara fram á að fedur jafnt og mæður taka á sig fjarveru frá vinnu vegna eigin barna,
- vera á verði gagnvart því sem starfsmaður getur skynjað sem kynferðislegt áreiti,
- temja sér orðfæri sem höfðar jafnt til kynja,
- stuðla að umræðum um jafnréttismál og unnið gegn því að litið sé á störf í leikskólunum sem kvennastörf.

Yfir farið í maí 2024